

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

**Hótel Höfn, Höfn í Hornafirði
Minjakönnun**

Fornleifaskráning 2018

Sigríður G Björgvinsdóttir
Vala Garðarsdóttir

Mars 2018




Efnisyfirlit

Inngangur	1
Heimildir og minjar.....	2
Minjakönnun/Niðurstaða	4
Heimildir:	5

Inngangur

Hótel Höfn stendur á lóð við Víkurbraut 20, í vesturjaðri byggðar á Höfn. Lóðin liggur milli lóðar Hafnarkirkju og Hafnarkirkjugarðs að austan og íbúðarbyggðar við Júllatún að vestan. Að norðanverðu liggja lóðarmörkin við svæði S3, sem skilgreint er fyrir samfélagsþjónustu Sveitarfélagsins samkvæmt aðalskipulagi. Deiliskipulag fyrir lóðina er ekki til en í greinagerð í nýrri tillögu sem lögð hefur verið fram segir: „deiliskipulagsstillaga þessi er unnin í samræmi við Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030, en þar er svæðið sem hótelið stendur á skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði, ...“ (sjá mynd 1).¹

Vegna fyrirhugaðrar stækkunar á Hótel Höfn samkvæmt ofangreindri tillögu var framkvæmdasvæðið tekið út með tilliti til fornminja, eins og lög gera ráð fyrir.² Að beiðni skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar, var farið á vettvang 19. mars 2018, svæðið kannað og ljósmyndað. Sigríður G. Björgvinsdóttir náttúrulandfræðingur hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur sáu um úttekt þessa ásamt skýrslugerð.



Mynd 1. Deiliskipulagsuppráttur af lóðinni Víkurbraut 20, Höfn Hornafirði (t.v.), unninn af Zeppelin Arkitektar. Mynd hægra megin sýnir hluta úr Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030. Lóð Hótel Hafnar er innan svæðis sem skilgreint er fyrir verslun og þjónustu (sjá rauðan hring).

¹ Zeppelin Arkitektar, 2018

² Lög um menningarminjar nr. 80/2012



Mynd 2. Lóðin Víkurbraut 20; Hótel Höfn, horft til norðausturs. Lóðin er hluti af fyrrum ræktunarlöndum Hafnarbúa, sem voru í notkun fram yfir 1960. Ljós. SGB, mars 2018.

Heimildir og minjar

Hótel Höfn var reist á árunum 1965 til 1967 þegar byggingin var tekið í fulla notkun. Hótelið var á þeim tíma með best búnum hótelum landsins.³

Lóð þess er hluti af fyrrum ræktunarlöndum Hafnarbúa, áður land jarðarinnar Hafnarness (mynd 2). Árið 1928 fór jörðin úr ábúð og fékk kaптúnið Höfn 2/3 hluta jarðarinnar undir sína lögsögu.⁴ Afkoma meirihluta íbúa byggðist að mestu á smábúskap og brýn þörf á auknu landrými hafði skapast vegna ört vaxandi íbúafjölda í þorpinu. Árið 1929 fékk kaптúnið úthlutað hagabeitar- og ræktunarlendi úr landi Hafnarness þar skiptust á mýrar og grösugir hólur. Ræktunarlöndin náðu frá Móhól í suðri að Langhólanesi í norðri, að jarðarmörkum kaптúnsins og Hafnarness.⁵ Landið var afgirt og ræst fram, plægt og herfað. Sáð var grasfræi, ræktaðar kartöflur og rófur. Ræktunarlöndin voru í notkun fram yfir miðja 20. öld þegar þau voru tekin undir þjónustu- og íbúðarbyggð.

Í rituðum heimildum⁶ og örnefnaskrá⁷ er hvergi getið mannvirkja eða annarra minja á skipulagssvæðinu, fyrir tíma ræktunarreitanna. Eins og ofar greinir var landsvæðið tekið undir skipulagða ræktun árið 1929 og ekki líklegt að þar hafi verið reist mannvirki önnur en geymslukofar og skúrar, eða þess háttar sem tilheyrir þeirri ræktun sem átti sér stað innan hvers landsskika.

³ Arnþór Gunnarsson, 2000, bls. 323

⁴ Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 194-195

⁵ Arnþór Gunnarsson, 2000, bls. 50

⁶ Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 157-158

⁷ Örn.skrá -Hafnarnes, 1-4



Mynd 3. Lóðin norðan við hótélbygginguna hallar til vesturs, niður að Víkurbrautinni. Horft til austurs. Ljós m. SGB, mars 2018.



Mynd 4. Baklóð Hótel Hafnar, horft til vesturs yfir fyrirhugað framkvæmdasvæði. Ljós m. SGB, mars 2018.

Minjakönnun/Niðurstaða

Engar minjar eru sjáanlegar né finnast í skráðum heimildum innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis á lóð Hótel Hafnar (sjá myndir 3 og 4). Svæðið er nú þegar mikið raskað frá uppruna sínum frá því að hótelið var reist. Að auki voru ræktunarlöndin þegar komin undir íbúða- og þjónustubbyggð 1980.

Virðingarfyllst,
Sigríður G. Björgvinsdóttir og
Vala Garðarsdóttir

Heimildir:

Arnbór Gunnarsson (1997). *Saga Hafnar í Hornafirði (fyrri bindi) Aðdragnadi búsetu og frumbýlisár*. Hornafirði: Hornafjarðarbær.

Arnbór Gunnarsson (2000). *Saga Hafnar í Hornafirði (síðara bindi) 1940-1975*. Hornafirði: Sveitarfélagið Hornafjörður.

Bjarni Bjarnason (1976). Byggðasaga Hafnarhrepps- Hafnarnes. Í *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, III. bindi* (bls. 153-161). Reykjavík: Bókaútgáfa GuðjónsÓ.

Lög um menningarminjar, nr. 80 2012.

Zeppelin Arkitektar (2018, mars). *Deiliskipulagstillaga vegna Hótelis Hafnar Víkurbraut 20 í Höfn í Hornafirði*. Veggspjald kynnt í Ráðhúsi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Höfn í Hornafirði.

Örnefnaskrá – Hafnarnes. Stefán Einarsson skrásetjari, heimildarmenn: Jón Ófeigsson og Ófeigur Jónsson. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.